

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 13/2015

Kæra Bergþórugötu 23 ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 37/2015.

1. Þann 31. mars 2016 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 13/2015: Kæra Bergþórugötu 23 ehf. á ákvörðun Neytendastofu frá 25. september 2015 í máli [nr. 37/2015](#). Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Áslaug Árnadóttir og Egill Heiðar Gíslason.
2. Með kæru, dags. 22. október 2015, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu frá 25. september 2015 í máli nr. 37/2015, um að kærandi hafi brotið gegn 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með notkun auðkennisins Reykjavík Light Apartment. Þá var kæranda á grundvelli 2. mgr. 21. gr. laga nr. 57/2005 bönnuð öll notkun auðkennisins. Af hálfu kæranda er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi Keahótel ehf., fyrir hönd Suðurlandsbrautar 12 ehf., dags. 6. nóvember 2014, var kvartað til Neytendastofu yfir notkun kæranda á auðkenninu Reykjavík Lights. Í bréfinu segir að félagið hafi einkarétt til notkunar vörumerkisins Reykjavík Lights samkvæmt vörumerkjaskráningu 350/2013 fyrir vörur í flokki 39 og 43. Framangreindir flokkar taki til ferðaþjónustu, veitingaþjónustu, hótelpjónustu og tímabundinnar gistinguþjónustu. Hafi félagið því einkarétt til notkunar á vörumerkinu Reykjavík Lights í tengslum við veitingu umræddrar þjónustu.
5. Keahótel ehf., sem reki hótelið Reykjavík Lights á Suðurlandsbraut 12, hafi orðið þess vart að kærandi reki skammtímaleigu íbúða sem markaðssett sé ferðamönnum undir auðkenninu Reykjavík Light Apartments. Keahótel ehf. telji rekstur kæranda undir umræddu auðkenni fela í sér skýrt brot á vörumerkjarétti Suðurlandsbrautar 12 ehf. og í andstöðu við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki. Þá brjóti notkun kæranda á auðkenninu í bága við góða viðskiptahætti og sé í andstöðu við 13. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
6. Keahótel ehf. hafi farið fram á það með bréfi, dags. 29. september 2014, að kærandi léti þá þegar af notkun auðkennisins Reykjavík Light Apartments í starfsemi sinni, enda væri um skýrt brot á vörumerkjarétti að ræða. Með bréfi kæranda, dags. 19. október 2014, hafi því hins vegar verið

hafnað. Hafi fyrirsvarsmáður kæranda vísað til þess að ekki væri um brot á vörumerkjarétti að ræða þar sem að auðkenni kæranda og vörumerki Suðurlandsbrautar 12 ehf. væru ekki nægilega lík, auk þess sem að kærandi veitti ekki sömu þjónustu og umboðsaðili Suðurlandsbrautar 12.

7. Í 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga segi að í vörumerkjarétti felist að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem séu eins eða lík vörumerki hans ef notkunin taki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nái til og hætt sé við ruglingi, þar með talið að tengsl séu með merkjunum. Keahótel ehf. telji auðséð að með notkun auðkennis kæranda sé brotið gegn ofangreindum vörumerkjarétti Suðurlandsbrautar 12 ehf. Fullyrðingu þessa styðji Keahótel ehf. með þeim rökum að kærandi notist ekki aðeins við nauðalíkt auðkenni Suðurlandsbrautar 12 ehf., heldur veiti það einnig sömu þjónustu og Keahótel ehf. sem sé umboðsaðili Suðurlandsbrautar 12 ehf. Það sé því augljóst að notkun kæranda á auðkenninu „Reykjavík Light Apartments“ feli í sér hættu á því að neytendur telji annars vegar tengsl á milli merkjanna tveggja og hins vegar Bergþórugötu 23 og Keahótelsins.
8. Í svarbréfi kæranda, dags. 19. október 2014, hafi því verið haldið fram að kærandi og Keahótel ehf. starfi á ólíkum mörkuðum þar sem kærandi leigi út íbúðir til ferðamanna á svæði 101 Reykjavík, en Keahótel ehf. leigi út hótélherbergi til ferðamanna á svæði 108 Reykjavík. Framangreint breyti því ekki að um sé að ræða brot á vörumerkjarétti Suðurlandsbrautar 12 ehf. enda eigi félagið skráð vörumerki sem nái meðal annars til tímabundinnar gistipjónustu. Auðséð sé að tímabundin leiga íbúða til ferðamanna falli undir þann vöruflokk. Sé því fullnægt því skilyrði 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga, að notkunin taki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu. Í svarbréfinu hafi því jafnframt verið haldið fram að ekki sé hættu á því að neytendur ruglist á merkjunum þar sem annað merkið sé í eintölu, „Light“, en hitt í fleirtölu, „Lights“. Keahótel ehf. hafni þessum röksemdum kæranda alfarið. Þegar umrædd auðkenni, Reykjavík Lights og Reykjavík Light Apartments, séu borin saman blasi sjónlíking merkjanna við óháð því að annað merkjanna sé í fleirtölu en hitt í eintölu. Þá beri, við mat á því hvort merkjalíking sé með þeim hætti að neytendur geti ruglast, að líta til þess hvaða atriði hafi mest sérkenni í viðkomandi merki, og sé sjónum því beint að þeim hluta merkisins sem hafi hvað mest áhrif. Hafi tvö vörumerki að geyma sömu sérkennandi þætti séu taldar auknar líkur á ruglingshættu. Óumdeilanlega séu aðaltákn þeirra vörumerkja, sem hér sé deilt um líkindi á, sá hluti þeirra sem vísi til Reykjavík Light/Lights. Heildarmynd vörumerkjanna sé því svo lík að um ruglingshættu sé að ræða.
9. Keahótel ehf. telji enn fremur að notkun kæranda á auðkenninu Reykjavík Light feli í sér óréttmæta viðskiptahætti og brjóti í bága við 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Í 1. málslíð 15. gr. a. segi að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hafi ekki rétt til er noti. Ljóst sé að auðkennið Reykjavík Light Apartments sé notað í atvinnustarfsemi og í óþökk einkaréttarhafa vörumerkisins Reykjavík Lights og feli í sér skýrt brot á téðu ákvæði. Í 2. málslíð 15. gr. a. segi að sérhverjum sé bannað að nota auðkenni, sem hann eigi tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Með vísan til ofangreindra röksemda telji Keahótel ehf. að notkun fyrirtækisins á auðkenninu Reykjavík Light Apartments feli einnig í sér brot á ákvæði þessu. Með hliðsjón af öllu framangreindu sé þess óskað að Neytendastofa kveði á um réttarstöðu aðila í framangreindu máli.

10. Bréf Keahótelshöf. var sent kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 19. nóvember 2014. Í bréfinu var vakin athygli á því að Neytendastofa teldi 5. gr. laga nr. 57/2005 einnig geta átt við um ákvæðið. Svar kæranda barst með bréfi, dags. 5. desember 2014. Í bréfinu segir að erindi Keahótelshöf. uppfylli ekki almennar málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga þar sem þess sé óskað að Neytendastofa kveði á um réttarstöðu aðila í málinu. Hér sé ekki um kröfu að ræða heldur lögspurningu sem beri að vísa frá stofnuninni. Leiðbeiningarskylda stjórnvalds nái ekki til þess að leiðbeina um framsetningu á svo óskýrri kröfugerð. Skýringar Neytendastofu á kröfugerðinni séu nauðsynlegar til þess að erindið skiljist að einhverju leyti en gangi lengra en leiðbeiningarskyldan kveði á um. Taki stofnunin kröfugerðina til greina með því að skýra út og fylla í eyðurnar um það hvað verið sé að fara fram á sé rétt að benda á helstu sjónarmið í þessu efni sem hvert um sig leiði til þess að ekki sé um brot að ræða á vörumerkjarétti eða brot gegn lögum nr. 57/2005.
11. Í bréfi Keahótelshöf. séu alhæfingar um brot á rétti til notkunar hluta nafnsins þó að um sitt hvora vöruna sé að ræða, fyrirtækin starfi á ólíkum mörkuðum og þjónustn sé ekki veitt á svipuðum stað. Ekki sé um að ræða staðgönguvöru. Þá sé ritháttur orðanna misjafn og byggt sé á almennum heitum hugtaka sem hafi veitt vernd í vörumerkjarétti. Eitt þessara atriða út af fyrir sig leiði til þess að ekki sé hætta á ruglingi á milli þessara ólíku heita. Engin sönnun sé færð fram um þessa meintu ruglingshættu í bréfi Keahótelshöf. Um öll þessi atriði sé vísað til bréfs kæranda til Keahótelshöf., dags. 19. október 2014. Bent sé á að leiga á tjaldstæði sé í eðli sínu leiga á tímabundinni gistiþjónustu. Það eitt út af fyrir sig sé ekki ákvarðandi um það hvort auðkenni teljist svo lík að ruglingshætta skapist, heldur sú þjónusta sem veitt sé. Rekstur íbúðaleigu sé gjörólíkur þeim rekstri sem felist í leigu á hótélherbergjum þar sem þjónustan, sem í boði sé í hvorum flokki fyrir sig, sé gjörólík. Nánar sé gerð grein fyrir því í fyrnefndu bréfi, dags. 19. október 2014, í hverju annars vegar þjónusta Reykjavík Lights felist og hins vegar íbúðaleigu kæranda. Í sama bréfi sé vísað til dómafordæma Hæstaréttar og úrskurða áfrýjunarnefndar neytendamála, en ekki sé minnst á slíkar heimildir í bréfi Keahótelshöf. til Neytendastofu til stuðnings þeim alhæfingum og málsástæðum sem þar komi fram. Öllum kröfum, staðhæfingum og málsástæðum um brot á lögum nr. 57/2005 og lögum nr. 45/1997 sé því harðlega mótmælt.
12. Bréf kæranda var sent Keahóteli ehf. til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 16. desember 2015. Svar barst með bréfi, dags. 2. janúar 2015. Í bréfinu segir að í ljósi athugasemda kæranda við kröfugerð Keahótelshöf. skuli áréttað að Keahótel ehf. krefjist þess að Neytendastofa taki ákvörðun um að notkun Bergþórugötu 23 ehf. á auðkenninu Reykjavík Light í starfsemi sinni feli í sér brot á 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1997 og 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Þá sé þess krafist að Neytendastofa banni kæranda notkun á orðunum Reykjavík Light til þess að einkenna þjónustu sína og að kærandi verði beittur öllum þeim viðurlögum sem lög leyfi til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot. Reykjavík Lights Hotel ehf., sem áður hafi heitið Suðurlandsbraut 12 ehf., hafi samkvæmt vörumerkjaskráningu nr. 350/2013 einkarétt til notkunar vörumerkisins Reykjavík Lights fyrir vörur og þjónustu í ferðaþjónustu, veitingaþjónustu, hótélþjónustu og tímabundinni gistiþjónustu. Reykjavík Lights Hotel ehf. og Keahótel ehf., sem umboðshafi vörumerkisins og rekstraraðili Reykjavík Lights Hotel, hafi því einkarétt til notkunar vörumerkisins og sé öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist.

13. Til þess að njóta einkaréttar verði vörumerki að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkist verndin því að jafnaði við að merki sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtæki bjóði. Þrátt fyrir að orðin Reykjavík og lights séu út af fyrir sig almenn sé samsetning þeirra á engan hátt lýsandi fyrir ferðaþjónustu, veitingaþjónustu, hótelpjónustu eða tímabundna gistiþjónustu. Vörumerkið Reykjavík Lights, sem skráð hafi verið hjá Einkaleyfastofu, hafi því fólgið í sér nægileg sérkenni til þess að njóta verndar 4. gr. laga nr. 45/1997 og 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Þá sé augljós ruglingshætta á milli vörumerkisins Reykjavík Lights og auðkennisins „Reykjavík Light Apartments“. Félögin starfi á sama markaði og veiti bæði skammtímagistiþjónustu fyrir ferðamenn á Reykjavíkursvæðinu. Félögin séu því keppinautar. Breyti þar engu um þó svo að annað félagið selji gistingu á hótélherbergjum en hitt gistingu í íbúðum. Eigi það sérstaklega við þar sem auðkenni þeirra séu nauðalík, en því líkari sem auðkenni séu, því minni kröfur séu gerðar til skyldleika starfsemi aðila við mat á ruglingshættu.
14. Við mat á því hvort merkjalíking sé til staðar á milli tveggja merkja beri að líta á heildarmynd merkjanna. Af þeim sökum komi viðskeyting orðs, s.s. apartments, framan eða aftan við merki sem þegar sé í notkun, ekki í veg fyrir ruglingshættu. Þá verði að líta til þess að vörumerki samkvæmt vörumerkjaskráningu nr. 350/2013 sé í heild sinni tekið upp í auðkenni kæranda sem leiði til aukinna líkinda á ruglingshættu. Að lokum hafi í bréfi kæranda verið vísað til þess að engar sönnur hafi verið færðar fram fyrir meintri ruglingshættu. Í því sambandi beri að taka fram að sá sem haldi fram ruglingshættu þurfi ekki að sanna að ruglingur hafi átt sér stað, heldur aðeins að sýna fram á að hætta sé á að neytendur geti ruglast. Telji Keahótel ehf. að sýnt hafi verið fram á slíka ruglingshættu. Að öðru leyti séu ítrekuð þau rök sem þegar hafi komið fram.
15. Bréf Keahótel ehf. var sent kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 13. janúar 2015. Svar barst með bréfi, dags. 19. janúar 2015. Í bréfinu er áréttað að kærandi og Keahótel ehf. reki gistiþjónustu á gjörólíkum markaði. Kærandi reki íbúðaleigu með svo til engri þjónustu og Keahótel ehf. reki hótél með víðtækri þjónustu eins og nánar hafi verið rakið í fyrri bréfum. Verðlagning á gistingunni sé ólík, markhópar ólíkir og varan ólík. Ekki sé því um að ræða að sköpuð verði ruglingshætta þó að talið yrði að einhver líkindi væru með þeim orðmerkjum sem einkenni starfsemi félaganna. Þá sé það ítrekað að orðin sem um ræði séu mjög almenn. Orðið Light (ljós) sé almennt hugtak eins og himinn, loft, vatn og sjór og því sé vernd þess háttar orðs afar takmörkuð, auk þess sem auðkennin séu ólík; annað sé í eintölu en hitt í fleirtölu og því sé ritháttur og merking orðanna ólík.
16. Það skipti meginmáli við mat á ruglingshættu hvort heitin gefi lýsingu á sömu þjónustu og á svipuðum stað. Um hvorugt sé að ræða. Þjónustan eða varan sem í boði sé og lýst sé á bókunarvefjum sýni, svo ekki verði um villst, með myndum og upplýsingum að um sé að ræða hótél sem sé utan miðbæjarins í tilviki Keahótel ehf. Í hinu tilvikinu sé um að ræða íbúðaleigu án þjónustu staðsetta í miðbænum. Engin leið sé að ruglast á þessu við töku ákvörðunar um kaup á hótélgistingu og leigja sér íbúð þess í stað, bæði með tilliti til ólíkrar vöru/gistingu og þjónustu sem fyrirtækin bjóði upp á og ólíkrar staðsetningar sem skipti miklu máli við val á gistingu.

17. Val á því hvort keypt sé hótलगisting eða íbúðagisting hafi ekkert að gera með auðkennið sem Keahótel ehf. og kærandi noti í sínum rekstri. Á hótलगistingu og íbúðagistingu sé skýr og aðgreinanlegur munur. Viðskiptavinur ruglist ekki á Trabant og Benz þó að bæði séu ökutæki. Telja verði það dæmi hliðstætt vali á hótलगistingu og íbúðagistingu. Það sé því augljóst að engin ruglingshætta sé hér til staðar eins og haldið sé fram í umræddu bréfi. Það, að engar sannanir séu lagðar fram til stuðnings, staðfesti að engin ruglingshætta sé til staðar þar sem enginn viðskiptavinur virðist hafa ruglast á umræddum auðkennum og kvartað undan því að hann hafi keypt gistingu í íbúð án þjónustu þegar hann hafi ætlað að kaupa hótलगistingu með þjónustu. Að öðru leyti séu ítrekuð þau rök sem áður hafi komið fram.
18. Bréf kæranda var sent Keahóтели ehf. til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. janúar 2015. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins. Neytendastofu bárust frekari athugasemdir Keahóteles ehf. með bréfi, dags. 31. mars 2015. Í bréfinu segir að til viðbótar við skýringar og athugasemdir í fyrri bréfum þyki félaginu rétt að vekja athygli á meðfylgjandi viðbótargagni, sem félagið telji styðja við grundvöll kvörtunar sinnar um að augljóst sé að ruglingshætta skapist vegna notkunar kæranda á auðkenninu „Reykjavík Light Apartments“ fyrir þjónustu sína. Félaginu hafi borist ábending frá Reykjavík Excursions – Kynnisferðum í tölvubréfi, dags. 24. mars 2015. Þar sé vakin athygli Keahóteles ehf. á því að forsvarsmáður kæranda hafi óskað eftir þjónustu Reykjavík Excursions – Kynnisferða, en fyrirtækið telji auðkenni þjónustu kæranda geta valdið misskilningi fyrir viðskiptavinum Reykjavík Lights Hotel, sem það þjónusti nú þegar.
19. Í tölvubréfinu sé tekið fram að sökum þess að auðkennið Reykjavík Light Apartments fyrir þjónustu kæranda líkist svo mikið vörumerkinu Reykjavík Lights sé hætta á að ef Reykjavík Excursions – Kynnisferðir verði við beiðni kæranda geti viðskiptavinir aðilanna ruglast og verið keyrðir á rangan gististað, enda starfi aðilarnir á sama markaði og veiti báðir skammtíma gistiþjónustu fyrir ferðamenn á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi þessa, og sökum þess að aðilar séu keppinautar á þeim markaði, hafi viðskiptastjóri Reykjavík Excursions – Kynnisferða ekki talið sig geta orðið við beiðni kæranda nema með því að leita samþykkis félagsins fyrst. Þyki Keahóтели ehf. framangreint renna enn sterkari stoðum undir þá fullyrðingu sína að augljóst sé að auðkenni kæranda, Reykjavík Light Apartments, sé svo líkt skráðu vörumerki félagsins að ruglingshætta skapist fyrir viðskiptavinum og því um að ræða brot á einkarétti félagsins til notkunar vörumerkisins Reykjavík Lights. Í ljósi alls ofangreinds og framkominna röksemda félagsins í fyrri bréfum hafi verið færðar fram nægilegar sönnur fyrir meintri ruglingshættu. Ítrekaðar séu fyrri kröfur og röksemdir.
20. Bréf Keahóteles ehf. var sent kæranda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 1. apríl 2015. Með tölvubréfi kæranda, dags. 9. apríl 2015, var Neytendastofu sent tölvubréf sem starfsmaður Reykjavík Excursions – Kynnisferða hafi sent til kæranda, en þar kæmi fram skýringar á því að ekki væri hægt að bjóða upp á skutl að húsi. Í tölvubréfinu væri ekki minnst á ruglingshættu. Tölvubréf kæranda var sent Keahóтели ehf. til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. apríl 2015, og tilkynnt um lok gagnaöflunar málsins.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

21. Hinn 25. september 2015 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 37/2015, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði með notkun auðkennisins Reykjavík Light Apartment brotið gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005, sbr. einnig 5 gr. sömu laga. Var kæranda, með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laganna, bönnuð notkun auðkennisins. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er sjónarmiðum Keahótel ehf. og kæranda lýst og síðan vikið að efni ofangreindra ákvæða laga nr. 57/2005. Þar kemur síðan fram að kærandi hafi fengið skráð orðmerkið Reykjavík Lights hjá Einkaleyfastofu, sbr. vörumerkjaskráning nr. 350/2013, umsókn frá 1. febrúar 2013. Skráningin taki til flokka 39: ferðapjónusta og 43: veitingapjónusta; hótelpjónusta; tímabundin gistingipjónusta. Í gögnum málsins komi fram að nafni félagsins hafi, á meðan á meðferð málsins hjá Neytendastofu stóð yfir, verið breytt í Reykjavík Lights Hótel ehf. Þá reki félagið hótél undir vörumerkinu Reykjavík Lights. Kærandi hafi rekið íbúðahótel í miðbæ Reykjavíkur undir auðkenninu Reykjavík Light Apartments, en í gögnum málsins hafi ekki verið vísað til þess að kærandi eigi auðkennið skráð hjá þar til bærum aðilum.
22. Aðila málsins greini á um hvort þeir teljist keppinautar á markaði. Bæði félög séu skráð í atvinnugreinaflokk 68.20.2, Leiga atvinnuhúsnæðis, hjá Firmaskrá. Þá stundi bæði félögin tímabundna útleigu á gístaðstöðu. Töluverður munur sé á þjónustu aðilanna þar sem Keahótel ehf. stundi útleigu hótélherbergja með þjónustu en kærandi útleigu íbúða án þjónustu. Neytendastofa telji ekki unnt að líta á atvinnugreinaflokkunina eina og sér, heldur verði að taka mið af þeirri þjónustu sem félögin bjóði og hvernig henni sé háttað. Að teknu tilliti til þess telji Neytendastofa að þjónusta þeirra geti talist staðgönguvara og að þeir séu keppinautar á markaði fyrir útleigu tímabundinnar gistingar.
23. Auðkennin sem um ræði séu samsett heiti þar sem hvert orð innan heitisins sé almennt orð. Þegar litið sé til starfsemi aðilanna telji Neytendastofa orðið Light/Lights ekki lýsandi eða almennt fyrir viðkomandi starfsemi. Þá geti orðasambönd talist sérkennandi og einn aðili notið einkaréttar á þeim, sem slíkum, þrátt fyrir að orðasambandið sé sett saman úr almennum orðum. Með vísan til þessa sé það mat Neytendastofu að Keahótel ehf. geti notið einkaréttar á orðasambandinu Reykjavík Lights skv. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 fyrir ferðapjónustu, veitingapjónustu, hótelpjónustu og tímabundna gistingipjónustu, sbr. skráningu vörumerkisins hjá Einkaleyfastofu.
24. Verði þá að líta til þess hvort ruglingshætta sé til staðar vegna notkunar beggja aðila á auðkenninum. Auðkenni kæranda sé samsett úr þremur orðum þar sem tvö fyrri orðin séu þau sömu og vörumerki Keahótel ehf. og það eina sem aðgreini þau sé að annað orðið í orðasambandinu Reykjavík lights sé í fleirtölu í auðkenni Keahótel ehf. en í eintölu í vörumerki kæranda. Eins og áður hafi komið fram telji Neytendastofa aðilanna keppinauta á markaði um útleigu tímabundinnar gistingar. Í ljósi líkinda auðkennanna og tengsla þeirrar þjónustu sem félögin bjóði telji Neytendastofa ruglingshættu vera fyrir hendi. Með vísan til alls ofangreinds brjótis notkunar kæranda á auðkenninu Reykjavík Light Apartments gegn 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. sömu laga sé félaginu því bönnuð notkun auðkennisins.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

25. Í kærú, dags. 22. október 2015, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Í kærúnni kemur fram að kærandi telji ákvörðun Neytendastofu ekki á rökum reista. Til þess að ruglingshætta sé fyrir hendi í vörumerkjarétti þurfi tvö skilyrði að vera uppfyllt. Annars vegar þurfi ákveðin líkindi að vera með merkjunum og hins vegar þurfi að vera um sams konar vöru eða þjónustu að ræða.
26. Kærandi telji í fyrsta lagi að aðilar starfi ekki á sama markaði. Starfsemi kæranda felist í því að hann leigi út sjö íbúðir í íbúðahverfi í miðbæ Reykjavíkur. Engin þjónusta fari fram í húsnæðinu önnur en sú sem beinlínis leiði af eðli máls og sjái gestir alfarið um sig sjálfir. Starfsemi Keahótelis ehf. felist á hinn bóginn í leigu hótélherbergja auk þess sem þar sé veitt ýmis konar hliðarþjónusta sem ekki sé veitt af hálfu kæranda. Starfsemin fari fram á Suðurlandsbraut. Þótt starfsemin sé nokkuð miðsvæðis beri að mati kæranda að gera greinarmun á því og svo gistingu í miðbænum. Þótt báðir aðilar veiti gistingu fyrir ferðamenn sé markhópurinn annar og því engin ruglingshætta fyrir hendi. Sá markaður sem um ræði sé þess eðlis að áður en þjónustan sé keypt hafi viðskiptavinurinn að stóru leyti gert upp hug sinn hvers konar gistingu hann leiti eftir, þ.e. hvort hann kjósi að gista á hóteli með þjónustu, svefnpokaplássi, íbúð eða húsi þar sem fólk sjái um sig sjálft eða jafnvel í tjaldi eða sumarhúsi í sveit. Að mati kæranda sé þjónusta hans því ekki staðgönguvara fyrir hótलगistingu. Kærandi vísi í þessu samhengi til úrskurðar áfrýjunarnefndarinnar í máli nr. 4/2014 þar sem talið hafi verið að sala á hamborgurum og flatbököm væri ekki sami markaður þótt báðir staðirnir seldu skyndibítamat. Sé því ljóst að mikil líkindi þurfi að vera fyrir hendi svo vara eða þjónusta sé talin á sama markaði við mat á ruglingshættu. Í ljósi þess telji kærandi að niðurstaða hinnar kærðu ákvörðunar um að aðilar séu keppinautar „á markaði um útleigu tímabundinnar gistingar“ fái ekki staðist. Tímabundin gisting geti verið með ýmsu móti, líkt og sala á skyndibíta, og í ljósi tilvitnaðs úrskurðar séu aðilar, sem báðir séu undir slíku regnhlífarhugtaki, ekki keppinautar á markaði.
27. Í öðru lagi telji kærandi að vörumerkin séu ekki þau sömu. Vörumerkið Reykjavík lights hafi ekki náð mikilli markaðsfestu og markaðurinn sé þess eðlis að viðskiptavinir sem leiti sér að gistingu leiti alla jafna annað hvort eftir vel þekktum alþjóðlegum vörumerkjum eða gistingu sem henti þeirra þörfum, s.s. hótélherbergi eða íbúðagistingu, enda sé stærsti hluti viðskiptavinanna erlendir ferðamenn sem þekki ekki íslensk vörumerki. Merkjavitund sé því almennt ekki mikil og í ljósi þess sé minni ruglingshætta á markaðnum en ella.
28. Þá sé vörumerkið Reykjavík Lights veikt vörumerki sem hafi lítil sem engin sérkenni. Fyrri hluti vörumerkisins vísi til staðsetningar vörunnar eða þjónustunnar en síðari hlutinn sé orðið „Lights“ eða „ljós“ á íslensku sem sé almennt orð sem engin sérkenni hafi. Vísi kærandi einnig til úrskurðar áfrýjunarnefndarinnar í máli nr. 5/2012, þar sem hafnað hafi verið að ruglingshætta væri fyrir hendi milli firmanafnanna Rafco og Rafkó þrátt fyrir að fullkomin hljóðlíking væri með auðkennunum. Í ljósi alls framangreinds sé þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
29. Með bréfi dags. 3. nóvember 2015, óskaði áfrýjunarnefndin eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Í greinargerð Neytendastofu, dags. 9. desember 2015, er þess krafist að hin kærða

ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Í greinargerðinni er bent á að þrátt fyrir að þjónusta aðila málsins sé veitt með ólíkum hætti eða ólíku þjónustustigi geti þær talist staðgönguvörur. Þannig séu fyrirtækin að mati Neytendastofu keppinautar á markaði fyrir tímabundna gistipjónustu. Málið varði auðkenni Reykjavík Lights og Reykjavík Light Apartments. Þrátt fyrir að vörumerkin séu ekki þau sömu sé það eina sem aðgreini þau að orðinu „apartments“ hafi verið skeytt aftan við í auðkenni kæranda auk þess sem annað orðið, þ.e. „light“ sé í fleirtölu í auðkenni Keahótel ehf. en eintölu í auðkenni kæranda. Fyrri tvö orðin í auðkenni kæranda séu því þau sömu og í skráðu orðmerki Keahótel ehf. að undanskildu „s“, sem bætist aftan við síðara orðið í auðkenni Keahótel ehf. Mynd- og hljóðlíking með þessum hluta auðkennanna sé því veruleg.

30. Matið á ruglingshættu samkvæmt 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sé heildarmat. Við matið skipti máli hversu lík þau auðkenni séu, sem um sé deilt, og þau líkindi hafi áhrif á það hversu skyld starfsemi aðilanna megi vera án þess að teljast skapa ruglingshættu. Þannig sé ljóst að því líkari sem auðkenni séu, því minni kröfur séu gerðar til skyldleika starfsemi aðilanna og öfugt. Með vísan til þessa bendi Neytendastofa einnig á að í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 5/2012, sem vísað sé til í kæru, hafi það haft áhrif á niðurstöðu málsins að verulegur munur var á starfsemi fyrirtækjanna Rafkó og Rafco. Þá hafni stofnunin því að úrskurður áfrýjunarnefndarinnar í máli nr. 4/2014 eða dómur Hæstaréttar í máli nr. 112/2013 hafi áhrif á það heildarmat í máli þessu að ruglingshætta sé milli auðkenna aðila sem leiði til brots gegn ákvæði 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.
31. Með bréfi, dags. 11. desember 2015, var kæranda gefinn kostur á að taka afstöðu til umsagnar Neytendastofu. Ekkert svar barst frá kæranda.
32. Með bréfi, dags. 13. janúar 2016, var Keahótel ehf. gefinn kostur á að taka afstöðu til kærunnar og félaginu veittur tveggja vikna frestur í því skyni. Með tölvubréfi, dags. 2. febrúar 2016, var óskað eftir viðbótarfresti og var sá frestur veittur í vikutíma. Með bréfi lögmanns Keahótel ehf., dags. 9. febrúar 2016, voru athugasemdir félagsins vegna kærunnar síðan sendar áfrýjunarnefndinni. Þar er því hafnað að hin kærða ákvörðun sé ekki á rökum reist. Í samræmi við rétt Keahótel ehf. til notkunar vörumerkisins sé öðrum með öllu óheimilt að nota vörumerkið Reykjavík Lights Hotel eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist í tengslum við framangreinda þjónustu. Þá segi í 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga að í vörumerkjarétti felist að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem séu eins eða lík vörumerki hans ef notkunin taki til eins eða svipaðrar vörur og/eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nái til og hætt sé við ruglingi, þar með talið að tengsl séu með merkjunum.
33. Fyrir liggir að Keahótel ehf. reki hótelið Reykjavík Lights Hotel á Suðurlandsbraut 12 í Reykjavík, en kærandi tímabundna gistipjónustu í íbúðum í húsnæði að Bergþórugötu 22 í Reykjavík undir auðkenninu Reykjavík Light Apartments. Þrátt fyrir að vera megi að þjónusta aðila sé veitt með ólíkum hætti eða ólíku þjónustustigi geti þær talist staðgönguvörur. Þá hafi það ekkert vægi við mat á því hvort um sams konar þjónustu sé að ræða að þjónusta Keahótel ehf. sé á svæði 108 í Reykjavík en þjónusta kæranda á svæði 101, enda eigi Keahótel ehf. skráð vörumerki og nái réttur

þess m.a. til tímabundinnar gistiþjónustu óháð því hvar og hvort þjónustan fari fram í íbúð eða á hóteli. Aðilar séu því óneitanlega keppinautar á sama markaði fyrir útleigu tímabundinnar gistiþjónustu fyrir ferðamenn á höfuðborgarsvæðinu.

34. Hvað auðkenni kæranda, Reykjavík Light Apartment, varði séð auðséð að það sé nauðalíkt auðkenni Keahótels ehf., Reykjavík Lights Hotel. Það eina sem aðgreini auðkenni kæranda frá auðkenni Keahótels ehf. sé viðskeytið „Apartments“, auk þess sem orðið „Light“ sé í eintölu en í auðkenni Keahótels ehf. sé í fleirtölu, „Lights“. Að öðru leyti séu fyrri tvö orðin í auðkenni kæranda nákvæmlega þau sömu og í skráðu vörumerki Keahótels ehf. Það sé því augljóst að mynd- og hljóðlíking þessa hluta auðkenna aðila, sem hafi hvað mest áhrif á heildarmynd vörumerkjanna, sé veruleg og feli í sér hættu á að neytendur telji annars vegar tengsl á milli auðkennanna tveggja og hins vegar fyrirtækisins og Keahótels ehf.
35. Framangreindu til stuðnings ítreki Keahótel ehf. ábendingu Andra Kristjánssonar, viðskiptastjóra ferðaþjónustunnar Reykjavík Excursions – Kynniferða, dags. 24. mars 2015, þar sem fram komi staðfesting á því að ruglingur geti átt sér stað meðal neytenda og að fyrirtækið telji sig ekki geta orðið við beiðni kæranda um þjónustu nema leita fyrst samþykkis Keahótels ehf. Þyki Keahótel ehf. það renna enn frekari stöðum undir þá fullyrðingu að augljóst sé að umrætt auðkenni sé svo líkt skráðu vörumerki Keahótels ehf. að villst verði á því og því um að ræða brot á rétti félagsins. Að öllu þessu virtu sé þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Þá sé þess jafnframt krafist að áfrýjunarnefndin beiti kæranda öllum þeim viðurlögum sem lög nr. 57/2005 heimili til þess að komið sé í veg fyrir áframhaldandi brot kæranda.
36. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 12. febrúar 2016, var kæranda kynnt fram komið bréf Keahótels ehf. og honum boðið að koma að athugasemdum sínum við það. Svar barst með bréfi, dags. 19. febrúar 2016. Þar kemur fram að umrætt tölvubréf Andra Kristjánssonar, starfsmanns Reykjavík Excursions - Kynniferða, sem vísað sé til í afstöðubréfi Keahótels ehf., geti að mati kæranda engin áhrif haft á niðurstöðu málsins. Við mat á ruglingshættu verði að skoða hvort hætta sé á að neytendur muni ruglast á vörumerkjum. Eina sem bréfið feli í sér sé álit þessa tiltekna aðila um að ruglingshætta geti verið fyrir hendi, en hann sé ekki neytandi á þeim markaði sem um ræði og sé Keahótel ehf. auk þess viðskiptavinur þess fyrirtækis sem hann starfi fyrir. Hafi bréfið því ekkert sönnunargildi í málinu auk þess sem það sé þýðingarlaust fyrir úrlausn þess. Þrátt fyrir að nú séu um 15 mánuðir frá því að kvartað hafi verið yfir notkun kæranda á vörumerkinu hafi Keahótel ehf. ekki sýnt fram á eitt einasta dæmi um að neytandi hafi villst á merkjunum og hafi kærandi auk þess ekki orðið þess var. Segi það í raun allt sem segja þurfi í máli þessu. Að öðru leyti sé röksemdum Keahótels ehf. mótmælt.
37. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 7. mars 2016, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið og að það yrði tekið til úrskurðar nefndarinnar. Var enn fremur tekið fram, með vísan til 4. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að vegna mikilla anna nefndarinnar væru fyrirsjáanlegar nokkrar tafir á afgreiðslu málsins, en vænta mætti úrskurðar í byrjun apríl.

NIÐURSTAÐA

38. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á þeirri ákvörðun Neytendastofu að hann hafi brotið gegn 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með notkun auðkennisins Reykjavík Light Apartments í starfsemi sinni. Með ákvörðuninni var kæranda bönnuð öll notkun auðkennisins með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005.
39. Kærandi hefur rekið íbúðahótel í miðbæ Reykjavíkur undir auðkenninu Reykjavík Light Apartments, en ekki liggja fyrir gögn um skráningu auðkennisins. Keahótel ehf., sem kvartaði undan notkun kæranda á fyrrgreindu auðkenni, kemur í máli þessu fram fyrir hönd félagsins Reykjavík Lights Hótel ehf., sem mun vera skráður réttihafi orðmerkisins Reykjavík Lights hjá Einkaleyfastofu, sbr. skráningu forvera félagsins 1. febrúar 2013. Keahótel ehf. rekur hótél í húsnæði Reykjavík Lights Hótel ehf. undir fyrrgreindu orðmerki þess, Reykjavík Lights. Af gögnum málsins verður ráðið að auðkennið sé notað í rekstri gistiþjónustu af hálfu Keahótel ehf. og verður að draga þá ályktun að réttihafi auðkennisins geri ekki athugasemd við þá notkun.
40. Í upphafi skal tekið fram að mál þetta snýst eingöngu um það hvort notkun kæranda á auðkenninu Reykjavík Light Apartments brjóti gegn 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og skuli bönnuð af þeim sökum. Málið snýst hins vegar ekki um túlkun og beitingu einstakra ákvæða laga nr. 45/1997 um vörumerki, enda fer Einkaleyfastofan með eftirlitið samkvæmt þeim lögum og það ekki hlutverk Neytendastofu eða áfrýjunarnefndar neytendamála að endurskoða ákvarðanir hennar. Þrátt fyrir að grunnsjónarmið í vörumerkjarétti hafi vissulega áhrif við túlkun 15. gr. a. laga nr. 57/2005, sbr. það sem á eftir greinir, er um að ræða sitt hvor lögín sem falla undir sitt hvort stjórnvaldið. Vísast um þetta m.a. til úrskurða áfrýjunarnefndar neytendamála 25. mars 2010 (14/2009) og 16. febrúar 2012 (19/2011).
41. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/2005 eru óréttmætir viðskiptahættir bannaðir. Gildir bannið áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Er nánar tilgreint í III.-V. köflum laganna hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir. Í V. kafla er kveðið á um það í 15. gr. a. að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Samkvæmt síðari málslið ákvæðisins er enn fremur sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.
42. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 má rekja allt aftur til laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum. Þannig er núgildandi ákvæði nánast orðrétt samhljóða 9. gr. fyrrgreindra laga, en í millitíðinni var reglu í þessa veru að finna í lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og í samkeppnislögum nr. 8/1993. Var tilgangurinn með ákvæðinu að ná til tilvika sem ekki féllu beint undir ákvæði firmalaga eða laga um vörumerki. Talið var að vernd þeirra laga næði ekki alltaf nógu langt og því væri þörf á slíkri

almennri samkeppnisreglu um vernd auðkenna. Í ákvæðinu er um tvenns konar reglur að ræða. Regla fyrri málsliðarins leggur bann við því að aðili noti auðkenni sem hann hefur ekki rétt til, eða auðkenni annarra, en hinn síðari bann við því að nota eigin auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við einkenni annarra. Auðkenni kæranda, Reykjavík Light Apartments, er ekki hið sama og vörumerkið Reykjavík Lights. Fyrri málsliður ákvæðisins á því ekki við í máli þessu. Á hinn bóginn kemur til álita hvort notkun kæranda á auðkenninu geti leitt til þess að villst verði á því og auðkenni Reykjavík Lights Hótel ehf., sbr. 2. málslið 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

43. Kærandi telur auðkennið Reykjavík Lights svo almennt og lýsandi að það njóti ekki verndar 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Í framkvæmd hafa dómstólar og eftirlitsstjórnvöld gengið út frá því að merki þurfi að hafa ákveðna sérgreiningareiginleika eða sérkenni til að njóta verndar ákvæðisins. Auðkenni þarf þannig að vera til þess fallið að greina viðkomandi vöru eða þjónustu frá vörum annarra og má ekki vera lýsandi fyrir viðkomandi starfsemi. Ef auðkenni er einungis lýsandi fyrir þá þjónustu eða vörur sem viðkomandi hefur á boðstólum, en hefur ekki tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, nýtur viðkomandi ekki verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekkt auðkenni til kynningar á starfsemi sinni. Um þetta vitna ýmsir fyrri úrskurðir, sbr. t.d. úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála 29. apríl 2015 í máli nr. 18/2014, úrskurður nefndarinnar 14. janúar 2014 í máli nr. 1/2013 og úrskurður nefndarinnar 24. mars 2011 í máli nr. 1/2011. Byr það grundvallarsjónarmið að baki framkvæmd þessari að fyrirtæki sem skrái eða byrji að nota auðkenni, sem séu lýsandi fyrir viðkomandi vöru, þjónustu eða starfsemi, geti ekki hindrað samkeppnisaðila sína í að koma á framfæri einföldum upplýsingum um eðli þeirrar vöru eða þjónustu sem þeir bjóði.
44. Þótt sérnafnið Reykjavík og enska orðið lights teljist að einhverju marki almenn er notkun þeirra í hinu samsetta auðkenni, Reykjavík lights, að mati áfrýjunarnefndar neytendamála ekki svo lýsandi fyrir rekstur gistipjónustu í Reykjavík að auðkennið teljist ekki nægjanlega sérgreint til að njóta verndar 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Kemur því til skoðunar hvort hætta sé á að villst verði á auðkenni kæranda, Reykjavík Light Apartments, og auðkenninu Reykjavík Lights, sbr. 2. málslið 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Kærandi vísar til þess að sá rekstur sem fari fram undir auðkenninu Reykjavík Lights sé ekki á sama markaði og kærandi starfi á. Kærandi leigi út sjö íbúðir í húsi í miðbæ Reykjavíkur en starfsemi sú sem fari fram undir merkjum Reykjavík Lights snúist um leigu hótélherbergja í húsnaði við Suðurlandsbraut. Þannig sé um að ræða ólíka gerð gistipjónustu á mismunandi svæðum í Reykjavík. Af þessum sökum sé kærandi ekki í samkeppni við hótélrekstur Keahótel ehf.
45. Við mat á því hvort notkun auðkennis hafi í för með sér hættu á ruglingi við annað auðkenni hefur verulega þýðingu hvort fyrirtæki starfa á sama markaði og hvort þau beina vöru eða þjónustu að sama markhópi. Ekki verður betur séð en að kærandi sé í samkeppni við hótél sem rekið er undir merkjum Reykjavík Lights Hótel um viðskipti þeirra sem hyggjast gista í höfuðborginni og þá sér í lagi erlendra ferðamanna. Þótt þjónusta aðila kunni að einhverju marki að vera mismunandi liggja ekki fyrir áfrýjunarnefndinni gögn sem leiða í ljós að rekstur þeirra fari fram sitt á hvorum markaðnum. Verður ekki fallist á að sú niðurstaða leiði aðeins af ólíkri landfræðilegri

staðsetningu þeirra innan höfuðborgarinnar. Verður því lagt til grundvallar að aðilar séu keppinautar á sama markaði.

46. Kemur þá til skoðunar hvort hættu sé á að viðskiptavinir aðilanna ruglist á auðkenninum tveimur. Að mati áfrýjunarnefndar neytendamála er ekki unnt að líta öðruvísi á en svo að veruleg líkindi séu með auðkenninum. Fyrstu tvö orðin í auðkenni kæranda, Reykjavík og Light, eru enda að mestu leyti eins og auðkenni Keahótelshöfðingja ehf. Sá munur er þó á auðkenninum að kærandi notar orðið Light í stað orðsins Lights, auk þess sem auðkennin eru ólík að því leyti að orðinu Apartments er skeytt við auðkenni kæranda. Er það a.m.k. að einhverju leyti til þess fallið að aðgreina rekstur kæranda frá þeim rekstri sem fram fer undir auðkenninu Reykjavík Lights. Á hinn bóginn verður ekki framhjá því litið að orðið Apartments er tiltölulega almennt orð yfir gistiþjónustu og er t.a.m. gjarnan hluti af heitum svokallaðra íbúðahótela. Í ljósi líkinda auðkennanna að öðru leyti kemur það að mati nefndarinnar þannig ekki í veg fyrir að neytendur, sem hyggjast bóka tímabundna gistingu í Reykjavík, dragi þá ályktun að starfsemi kæranda sé tengd þeim hótélrekstri sem fram fer undir auðkenninu Reykjavík Lights við Suðurlandsbraut og má raunar færa rök fyrir því að miklar líkur séu á að hinn almenni neytandi dragi þá ályktun. Þá verður að telja að líkindi auðkennanna og þjónustu aðilanna skapi raunverulega hættu á að neytendur villist á starfsemi aðilanna og gangi til viðskipta við annað félagið í þeirri trú að þeir séu að kaupa gistingu hjá hinu. Verður því að taka undir það mat Neytendastofu að notkun kæranda á fyrrgreindu auðkenni valdi ruglingshættu við auðkenni Keahótelshöfðingja ehf.
47. Með vísan til alls framangreinds verður staðfest sú ákvörðun Neytendastofu að kærandi hafi brotið gegn 15. gr. a. laga nr. 57/2005, sbr. 5. gr. sömu laga með notkun auðkennisins Reykjavík Light Apartments. Þá er einnig staðfest ákvörðun Neytendastofu um að banna kæranda notkun sama auðkennis með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. sömu laga.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Áslaug Árnadóttir

Egill Heiðar Gíslason